

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Október 2009



Ljósmynd: Hilmar Finnsson

Tillaga að breytingu á lögum Ármanna

Ágætu Ármenn.

Þessi Áróður er helgaður tillögu stjórnar Ármanna að endurskoðuðum lögum félagsins í heild sinni. Upphaflega var hugmyndin að taka til umfjöllunar aðeins hluta laganna, en svo fór að niðurstaðan varð sú sem hér er sett fram.

Þótt velt hafi verið við hverjum steini má sjá að flestir þeirra snúa eins og áður, en hafa aðeins verið fluttir til. Efnislega er hér því í þessum drögum um minni breytingar að ræða, en ætla má í fyrstu.

Ástæður þess að í þetta er ráðist eru m.a. eftirfarandi:

- Eðlilegt er að laga lögina að starfsemi félagsins eins og hún er nú og þeim aðstæðum sem ríkja í dag. Felld eru út nokkur atriði sem við áttu á sínum tíma, en varla lengur.

- Skýra þarf greiðslumáta inn-töku- og félagsgjalds.

- Endurmeta má veiðireglur og líta til uppeldis- og leiðbeiningahlutverks Ármanna gagnvart börnum sérstaklega og jafnvel öðrum.

- Frá upphafi hafa verið gerðar margar breytingar á lögnum og innbyrðis samræmi því raskast nokkuð. Þess eru og dæmi að samþykktar breytingatillögur hafi ekki skilað sér inn í lögina eftir aðalfund.

- Verið er að selja utanfélagsmönnum veiðileyfi á svæðum sem Ármenn eru með að hluta og sem ekki eru eingöngu fluguveidd. Skýrt þarf að vera með hvaða skilyrðum það er gert.

Það sjónarmið er haft að leiðarljósi að í lögnum skuli það eitt standa sem skiptir máli fyrir félagsstarfið. Siðareglur og boðskapur er lýtur að fögrum venjum og brýningar til góðrar hegðunar og göfugmannlegs framferðis og fleira í þeim dúr eigi heima annars staðar.

Þar eigum við Ármenn siðareglurnar góðu og verða þær seint betur orðaðar.

Boðað er til almenns félagsfundar um þessa tillögu að lagabreytingum miðvikudaginn 18. nóvember kl. 20:00 í Árósum. Þar er ætlunin að heyra hug félagsmanna og fá ábendingar um það sem hér má öðruvísi fara, því vitanlega er hægt að setja fram lög eða lagabreytingar á margan annan hátt. Viðbúið er og að mörgum reyndum Ármanninum finnist þetta óþörf atлага að gömlu lögunum. Vonast er eftir því að sem flestir sjái sér fært að mæta og tjá sig um málið.

Í framhaldi af þeim fundi verður tekin ákvörðun um framhald tillögunnar og hvernig eða hvort hún verður breytt eða óbreytt lögð fyrir næsta aðalfund í febrúar næstkomandi.

Stjórnin

Drög að endurskoðuðum lögum Ármanna í samanburði við lögin eins og þau eru nú

Tillaga 2009

I. Félagið

1. grein. Nafn og heimili.

Nafn félagsins er Ármenn. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

II. Markmið og leiðir

2. grein. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er:

1. Að auka hróður þeirrar íþróttar að veiða vatnafisk á flugu Að efla virðingu veiðimanna fyrir íslenskri náttúru.
1. Að hvetja til góðrar umgengni, hófsemi við veiðar og háttvísi á veiðislóð.
2. Að stuðla að því að félagsmenn geti stundað stangaveiði fyrir hóflegt verð.

3. grein. Leiðir að marki.

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

1. Að taka á leigu eða eignast veiðiréttindi til sanngjarnrar framleigu til félaga.
1. Að halda uppi öflugum félagsstarfi meðal fluguveiðimanna og fjölbreyttri fræðslu um fluguveiðar og íslenska náttúru.
2. Að auka skilning almennings og stjórnvalda á tilgangi félagsins.
3. Að taka þátt í samstarfi við þá sem vinna að sambærilegum markmiðum.
4. Að styðja eftir efnun rannsóknir á lífríki fiska í náttúru Íslands.

III. Félagar

4. grein. Félagar.

Félagar geta orðið þeir sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eiga lögheimili á Íslandi.

5. grein. Inntaka.

Við inngöngu skuldbinda nýir félagar sig til að fara að lögum og síðareglum félagsins og vinna að markmiðum þess.

Inntaka nýrra félaga er háð samþykki stjórnar.

6. grein. Félagsnúmer.

Hver félagi öðlast félagsnúmer við inngöngu. Félagi getur arfleitt eða gefið öðrum númer sitt í félaginu. Aðild nýs félaga er þó háð skilyrðum 4., 5. og 19 greinar.

7. grein. Fjölskylduáðild.

Makar fullgildra félagsmanna og börn þeirra, yngri en 18 ára, geta gerst félagar og greiða þá hálf inntökugjald og hálf árgjald, enda hafi þau öll sama heimilisfang.

8. grein. Styrktarfélagar.

Félagi, sem vegna aðstöðu sinnar getur ekki nýtt sér úthlutun veiðileyfa félagsins, en vill áfram njóta annarra réttinda, getur sótt um til stjórnar að verða styrktarfélagi. Styrktarfélagi greiðir hálf árgjald.

Núgildandi lög

1. grein. Nafn og heimili.

Nafn félagsins er Ármenn. Lögheimili þess og heimilisfang er Dugguvogur 13, 104 Reykjavík. (Breytt 10. okt. 1987.)

2. grein. Tilgangur.

Tilgangur félagsins er þrjúþættur:

- 2.1 Að sameina sem flesta íslenska fluguveiðimenn í eitt félag, til að auka hróður þeirrar íþróttar að veiða vatnafisk á flugu.
- 2.2 Að stuðla að því, að íslenskri náttúru verði ekki spillt, með illri umgengni og rányrkju.
- 2.3 Að íslendingum verði jafnan í reynd tryggður arfborinn forgangsréttur þeirra til íslenskra landgæða.

3. grein. Leiðir að marki.

Tilgangi sínum ætlar félagið að ná með því m.a.:

- 3.1 Að taka á leigu eða eignast veiðiréttindi, til sanngjarnrar framleigu til félagsmanna.
- 3.2 Að vinna að því, að félagsmenn fái rétt til veiði á sem flestum veiðisvæðum landsins gegn sanngjarnri greiðslu.
- 3.3 Að stuðla að því, að verðlag veiðiréttinda á Íslandi, mótist af innlendri eftirspurn.
- 3.4 Að koma upp aðstöðu til fiskræktar, eitt sér eða með öðrum, og stunda fiskrækt í þeim veiðivötnum og ám, sem félagið kann að taka á leigu eða eignast rétt til á annan hátt.
- 3.5 Að vinna að auknum skilningi almennings og stjórnvalda á markmiðum félagsins.

4. grein. Félagsmenn.

4.1 Félagsmenn geta orðið þeir íslenskir ríkisborgarar, sem skuldbinda sig til að fara að lögum og síðareglum félagsins. (Breytt 14. jan. 1995)

4.3 Félagsmenn skuldbinda sig til að vinna af einlægni að framangreindum markmiðum.

4.4 Umsækjandi skal undirrita síðareglur félagsins áður en hann telst fullgildur félagi. Að öðru leyti er innganga hans háð samþykki félagsstjórnar.

7.4 Félagi getur arfleitt eða gefið einum manni aðild sína að félaginu. Aðild þessi er þó háð skilyrðum 4. greinar. (Breytt 10. okt. 1987 og 23. jan. 1993)

5.2 Makar félagsmanna og börn þeirra yngri en 18 ára greiði hálf inntökugjald. (Breytt 23. jan. 2002)

4.5 Styrktarfélagar geta orðið þeir félagsmenn, sem vegna aðstöðu sinnar geta ekki nýtt sér úthlutun veiðileyfa félagsins. Réttindi styrktarfélaga eru þau að þeir halda félagsaðild sinni, fá fréttabréf og geta sótt vetrarstarf félagsins. Árgjöld styrktarfélaga er hálf árgjald skv. 6. grein. Nú óskar félagsmaður að gerast styrktarfélagi, þá skal hann sækja um slíka breytta félagsaðild til stjórnar félagsins. (Nýr liður jan. 1995)

9. grein. Aldursfélagar.

Félagi, sem náð hefur 65 ára aldri og verið í félaginu 10 ár hið minnsta, getur óskað eftir að vera undanþeginn greiðslu árgjalds.

10. grein. Ábyrgð félagsmanna o.fl.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum til þess. Enginn félagsmaður á tilkall til hluta af sjóðum félagsins eða öðrum eignum þess, þótt hann hverfi úr félaginu.

IV. Stjórn og skipulag

11. grein. Skipulag.

Aðalfundur hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málum félagsins. Félagið kys sér á aðalfundi stjórn sem stýrir félaginu milli aðalfunda. Stjórnin heldur fundi að jafnaði mánaðarlega yfir vetrartímann. Annars boðar formaður til stjórnarfundar þegar þörf krefur eða þrír stjórnarmenn óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Félagar í einstökum landshlutum geta myndað deild í félaginu, enda velji þeir sér umboðsmann er komi fram gagnvart stjórn félagsins.

12. grein. Kosning stjórnar.

Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri, auk þriggja meðstjórnenda. Formaður skal kjörinn sérstaklega, en að öðru leyti skipar stjórnin með sér verkum. Formaður og aðrir stjórnendur skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára. Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil samfellt.

13. grein. Verksvið stjórnar.

Milli aðalfunda sinnir stjórnin málefnum félagsins og annast framkvæmdir í samræmi við samþykktir aðalfundar. Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir, sem sjá um afmörkuð verkefni í starfsemi félagsins, og fulltrúa til að gæta hagsmuna þess á öðrum vettvangi. Stjórnin setur reglur um veiði á veiðisvæðum félagsins, þ.á m. um hámarksveiði á dagsstöng á hverjum stað og tíma. Stjórn félagsins er óheimilt að undirrita fjárhagslegar skuldbindingar aðrar en samninga um veiðirétt og rekstur veiðisvæða. Allar meiri háttar framkvæmdir og fasteignakaup eru háð samþykktum löglegs félagsfundar.

14. grein. Skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og einn til vara.

V. Fundir

15. grein. Aðalfundur.

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. febrúar ár hvert. Aðalfundur er lögmaður sé hann löglega boðaður samkvæmt 17. grein. Rétt til setu á aðalfundi, kosningarétt og kjörgengi hafa allir skuldlausir félagsmenn.

16. grein. Dagskrá aðalfundar.

6.1 [...] Félagi sem náð hefur 65 ára aldri og hefur verið í félaginu 10 ár hið minnsta, skal undanþeginn greiðslu árgjalds.

7.2 Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum til félagsins.

7.3 Enginn félagsmaður á tilkall til hluta af sjóðum félagsins eða öðrum eignum þess, þótt hann hverfi úr félaginu.

9. grein. Fundir.

9.1 Aðalfundur hefur æðsta úrskurðarvald í öllum félagsmálum, með þeim takmörkunum sem settar eru í lögum þessum, sbr. 14. og 15. grein.

8.4 Formaður boðar til stjórnarfundar ef þörf krefur eða ef þrír stjórnarmenn óska þess. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

8.5 Félagar á einstökum svæðum landsins geta myndað deild í félaginu, enda velji þeir sér umboðsmann er komi fram gagnvart stjórn félagsins. (Breytt 6. nóv. 1985, og 13. okt. 1990)

8. grein. Kosning stjórnar.

8.1 Stjórn félagsins skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri auk þriggja meðstjórnenda. Formaður skal kjörinn sérstaklega, en að öðru leyti skipar stjórnin með sér verkum. Þó skal einn stjórnarmanna sitja í húsnefnd.

8.2 Formaður og aðrir stjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Engir stjórnarmenn skulu sitja í stjórn lengur en tvö kjörtímabil samfellt.

10 og 11. grein. Verksvið stjórnar

10.1 Milli aðalfunda hefur stjórnin allar almennar framkvæmdir fyrir félagið á hendi. Henni er heimilt að kveða sér til aðstoðar félagsmenn til afmarkaðra verkefna, nefndarstarfa o.s.frv.

11.1 Stjórnin setur reglur um veiði á veiðisvæðum félagsins, þ.á.m. um hámarksveiði á dagsstöng á hverjum stað og tíma. (Breytt 29. nóv. 1973)

10.2 Stjórn félagsins er óheimilt að undirrita aðrar fjárhagslegar skuldbindingar en samninga um veiðirétt, og rekstur veiðisvæða. Allar byggingaframkvæmdir og fasteignakaup eru háð samþykktum löglegs félagsfundar.

8.3 [...] Á aðalfundi skal og kjósa tvo skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara. (Breytt 14. feb. 2005)

9.3 Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. febrúar ár hvert. Stjórn félagsins boðar til fundarins á sama hátt og til almennra félagsfunda. Aðalfundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður. (Breytt feb. 2004)

9.5 Á aðalfundi gefur stjórn félagsins skýrslu um starfsemi félagsins



Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:
Reykjavík: Intersport
og Veiðiportið
Akureyri: Hornið

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- 1) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- 2) Skýrsla formanns um starfsemi stjórnar og fastanefnda.
- 3) Endurskoðaðir reikningar.
- 4) Lagabreytingar.
- 5) Ákvörðun árgjalds og inntökugjalds næsta árs.
- 6) Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
- 7) Önnur mál.

17. grein. Undirbúningur og boðun aðalfundar.

Stjórn félagsins boðar til aðalfundar með minnst tveggja vikna fyrirvara með auglýsingu í Áróði, á heimasíðu félagsins eða með öðrum tryggum hætti.

Tillögur til lagabreytinga og stjórnarkjörs skulu afhentar stjórninni skriflega fyrir 15. desember og sendir stjórnin félagsmönnum þær með fundarboði.

Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær sem sendar eru með fundarboði og breytingartillögur við þær.

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins skulu liggja frammi í eina viku fyrir aðalfund.

18. grein. Almennir félagsfundir.

Til almennra félagsfunda skal boðað þegar þörf krefur, að dómi meirihluta stjórnar, eða þegar minnst 1/5 hluti félagsmanna óskar þess. Fundina skal boða með sambærilegum hætti og aðalfund. Á almennum félagsfundum má ekki afgreiða nein mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum þessum.

VI. Gjöld

19. grein. Inntökugjald.

Nýr félagsmaður skal greiða inntökugjald við inngöngu í félagið. Upphæð skal ákveðin á aðalfundi og gildir þaðan í frá.

20. grein. Árgjald.

Félagsmaður greiðir fyrst árgjald fyrir það ár sem hann á kost á úthlutun veiðileyfa. Árgjald skal ákveðið á aðalfundi fyrir komandi ár. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Gjaldddagi árgjalds er 1. janúar.

Aðeins skuldlausir félagsmenn fá úthlutað veiðileyfum.

Skuldi félagsmaður árgjöld fyrir 2 ár eða meira má stjórnin fella hann af félagskrá

VII. Veiðireglur

21. grein. Veiðibúnaður.

Félagsmenn skulu veiða aðeins á flugu og fluguveiði-tæki á veiðisvæðum félagsins.

Heimilt er félagsmanni að bjóða gestum til veiði með sér með sömu skilyrðum og skal kynna þeim siðareglur félagsins. Makar og börn félagsmanna, sem eiga þess ekki kost að fylgja ákvæði um veiðar með fluguveiðitækjum, mega nota önnur veiðitæki eftir því sem reglur viðkomandi veiðisvæðis heimila.

22. grein. Veiðileyfi til annarra en félagsmanna.

Félagsmenn skulu hafa forgang að veiðileyfum á veiðisvæðum félagsins. Að þeim frágengnum er stjórninni heimilt að selja veiðileyfi á almennum markaði og þá með þeim skilyrðum sem gilda á hverju veiðisvæði. Kynna skal kaupanda veiðileyfis siðareglur félagsins, sbr. 21. grein.

Að fengnu samþykki stjórnar er félagsmanni heimilt að framselja veiðileyfi sitt á kostnaðarverði. Kaupandi skal hafa kynnt sér reglur félagsins og undirgengist þær.

á liðnu starfsári, leggur fram endurskoðaða reikninga félagssjóðs, undanfarandi starfsár. Ársreikningar félagsins endurskoðaðir, skulu liggja frammi til athugunar fyrir félagsmenn, á þeim stað sem stjórnin ákveður í eina viku fyrir aðalfund. (Breytt 6. nóv. 1985, 10. okt. 1987 og 13. okt. 1990)

8.3 Tillögur til stjórnarkjörs skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 15. desember. Eigi síðar en 30. janúar auglýsir stjórn næsta aðalfund og hverjir eru í framboði. Á sama tíma sendir stjórn félagsins félagskrána en ársskýrsla félagsins skal liggja frammi viku fyrir aðalfund.

9.4 Tillögur til lagabreytinga skulu afhentar stjórninni fyrir 15. desember og sendir stjórnin félagsmönnum þær með fundarboði. Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær sem sendar eru með fundarboði og breytingartillögur við þær. Lagabreytingar þessar öðlist þegar gildi.

9.2 Til almennra félagsfunda skal boðað þegar þörf krefur, að dómi meirihluta stjórnar, eða þegar minnst 1/5 hluti félagsmanna óskar þess. Slíka fundi skal boða með minnst 14 daga fyrirvara í pósti. Á slíkum fundum má gera ályktanir og áskoranir til stjórnar o.s.frv., en ekki afgreiða nein mál sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum þessum.

5. grein. Inntökugjald.

5.1 Inntökugjald skal á hverjum tíma ákveðið á aðalfundi. (Breytt 22. nóv. 1978, 6. nóv. 1985 og 10. okt. 1987)

6. grein. Árgjald.

6.1 Árgjald fyrir komandi ár skal á hverjum tíma ákveðið á aðalfundi. [...]

6.2 Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. (Breytt 27. nóv. 1975, 6. nóv. 1985, 13. okt. 1990 og 23. jan. 1993)

7. grein. Skuldbindingar félagsmanna.

7.1 Skuldi félagsmaður árgjöld fyrir 2 ár eða meira, eða hluta stofnsjóðs- eða inntöku-gjalds, má stjórnin víkja honum úr félaginu, enda skal honum tilkynnt það með fyrirvara í ábyrgðarpósti eða á annan sannanlegan hátt. Atkvæðisréttur og kjörgengi er háð því að félagi sé skuldlaus við félagið.

4.2 Félagsmenn skuldbinda sig til að veiða aðeins á flugu og fluguveiðitæki (stöng, hjól og línu) á veiðisvæðum félagsins.

12.2 Heimilt er félagsmanni með sömu skilyrðum að bjóða gestum sínum til veiði á veiðisvæði félagsins.

12. grein. Veiðileyfi til annarra en félagsmanna.

12.3 Félagsmenn skulu hafa forgang að veiðileyfum á veiðisvæðum félagsins. Að þeim frágengnum er stjórninni heimilt að selja utanfélagsmönnum veiðileyfi með sömu skilyrðum og um ræðir í grein 12.1.

12.1 Að fengnu samþykki stjórnar er félagsmanni heimilt að framselja veiðileyfi sitt á kostnaðarverði þeim sem hafa kynnt sér reglur félagsins og undirgengist þær. Brjóti viðtakandi reglur félagsins ber tafarlaust að víkja honum frá veiðisvæðinu.

VIII. Önnur ákvæði

23. grein. Viðurlög við brotum.

Ef félagsmaður brýtur lög félagsins, siðareglur eða aðrar reglur um veiðiskap, getur stjórnin svipt hann rétti til veiða á svæðum félagsins um lengri eða skemmri tíma. Við ítrekuð brot getur hún vikið honum úr félaginu.

Úrskurði stjórnar má skjóta til aðalfundar.

24. grein. Slit félagsins.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og með samþykki meirihluta allra félagsmanna. Við félagsslit ráðstafar fundurinn eignum félagsins.

25. grein. Lagabreytingar.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

26. grein. Gildistaka.

Lög þessi taka gildi 1. mars 2010.

13. grein. Viðurlög við brotum.

13.2 Ef félagsmaður brýtur að öðru leyti lög félagsins, siðareglur eða aðrar reglur, sem settar kunna að verða á einstökum svæðum, má svipta hann rétti til veiða á svæðum félagsins um lengri eða skemmri tíma. Við ítrekuð brot má víkja honum úr félaginu.

13.1 Verði félagsmaður uppvís að brotum á lögum um lax- og silungsveiði eða noti annað agn en flugu á veiðisvæði félagsins getur stjórnin vikið honum úr félaginu.

13.3 Stjórnin fjallar um kærur vegna meintra brota og kveður á um refsingar. Úrskurði stjórnar má skjóta til aðalfundar.

14. grein. Slit félagsins.

14.1 Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi og með samþykki meirihluta allra félagsmanna.

14.2 Við félagsslit renna eignir félagsins óskiptar í Fiskræktarsjóð.

15. grein. Lagabreytingar.

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

16. grein. Gildistaka.

Lög þessi taka gildi á stofnfundi 28. febrúar 1973.

Myndasmiðir athugið!

Við viljum hvetja Ármenn til að senda okkur myndir á diskum eða öðru stafrænu formi til sýningar og varðveislu í Árósum. Þetta yrði eingöngu til sýningar í Árósum og birtingar í Áróði. Engin önnur notkun yrði heimiluð nema með samþykki myndasmiðs. Hugmyndin er að þetta gæti orðið sameiginlegt veiðimyndasafn sem gott væri að ylja sér við yfir vetrartímann. Svo eru myndir góð heimild um veiðisvæði og veiðimenn.

Stjórnin



Fluguhnýtingaefni
Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni
Afsláttur til Ármanna
Vesturröst
Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturröst.is

LÖG

FYRIR STANGVEIÐIFÉLAGIÐ ÁRMENN.

1. gr.

1.1. Nafn félagsins er "Ármenn". Lögheimili þess er í Reykjavík, en heimilisfang hið sama og formanna, nema stjórn félagsins ákveði annað.

2. gr.

Tilgangur félagsins er þrjúþattur:

- 2.1. Að sameina sem flesta íslenska fluguveiðimenn í eitt félag, til að auka hröður þeirrar íþróttar að veiða vatnafisk á flugu.
- 2.2. Að stuðla að því, að íslenskir náttúru verðir ekki spillt með illri umgengni og rányrkju.
- 2.3. Að Íslendingum verði jafnan í reynd tryggður arfborinn forgangsréttur þeirra til íslenskra landgæða.

3. gr.

Tilgangi sínum stjar félagið að ná með því m.a.:

- 3.1. Að taka á leigu eða eignast veiðiréttindi til saunngjarnrar framleiðu til félagsmanna.
- 3.2. Að vinna að því, að félagsmenn fái rétt til veiði á sem flestum veiðisvæðum landsins gegn saunngjarnri greiðslu.
- 3.3. Að stuðla að því, að verðlag veiðiréttinda á Íslandi mótist af innlendri eftirlitum.
- 3.4. Að koma upp aðstöðu til fiskræktar, eitt sér eða með öðrum, og stunda fiskrækt í þeim veiðivöðum og á, sem félagið kann að taka á leigu eða eignast rétt til á annan hátt.
- 3.5. Að vinna að auknum skilningi almennings og stjórnvalda á markmiðum félagsins.

- 4.1. Félagmenn geta orðið allir Íslendingar 16 ára og eldri.
- 4.2. Félagmenn skuldbinda sig til að veiða aðeins á flugu og fluguveiðitaki (stöng, hjóli og línu) á veiðisvæðum félagsins.
- 4.3. Félagmenn skuldbinda sig til að vinna af einlagni að framangreindum markmiðum.
- 4.4. Umsækjandi skal undirrita siðareglur félagsins, áður en hann telst fullgildur félagi. Að öðru leyti er innganga hans háð samþykki félagsstjórnar.

5. gr.

- 5.1. Hver stofnfélagi greiði stofngjald að upphæð 25 þúsund krónur. Heimilt er að greiða aðeins 1/5 hluta stofngjaldsins við inngöngu og afganginn síðan með vixlum, 1/5 hluta á 6 mánaða fresti eða fyrr. Ekki reiknist vextir af stofngjaldsvixlum.
- 5.2. Allir, sem ganga í félagið fyrir aðalfund 1973, greiði stofngjald samkvæmt grein 5.1., enda teljast þeir stofnendur. Þeir, sem síðar verða félagar, greiða inntökugjald jafnt stofngjaldi með breytingum samkvæmt framfærsluvísitölu frá 1. janúar 1973 til 1. janúar viðkomandi árs. Þeir njóta gjaldfrests á sama hátt og stofnendur, þannig að við inngöngu greiða þeir 1/5 hluta inntökugjalds og síðan 1/5 hluta á 6 mánaða fresti, unz greiðslu er lokið. Heimilt er stjórn í sérstökum tilfellum að semja við umsækjanda um annan greiðslufrest en að ofan greinin.

6. gr.

- 6.1. Árgjald félagsmanna skal á hverjum tíma svara til 7% af því inntökugjaldi (stofngjaldi), sem á gjaldári gildir.
- 6.2. Reikningsár félagsins er frá 1. nóv. til 31. okt.

7. gr.

- 7.1. Skuldi félagsmaður árgjöld fyrir 2 ár eða meira, eða hluta stofnsgjós- eða inntökugjalds, má stjórnin víkja honum úr félaginu.

- 3 -

- 7.2. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins með öðru en gjöldum sínum til félagsins.
- 7.3. Enginn félagsmaður á tilkall til hluta af sjóðum félagsins eða öðrum eignum þess, þótt hann hverfi úr félaginu.
- 7.4. Félagi getur arfleitt eða gefið einum manni aðild sína að félaginu. Aðild þessi er þó háð skilyrðum 4. gr.

8. gr.

- 8.1. Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og fjármálaritari. Formaður skal kjörinn sérstaklega, en öð öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.
- 8.2. Formaður skal kosinn til eins árs, en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára, þó þannig að í fyrsta skipti skulu tveir meðstjórnendur ganga úr stjórninni eftir eitt ár, eftir hlutkesti. Í varastjórn skulu kosnir 3 menn til eins árs í senn. Formaður situr ekki lengur samfleytt en fimm ár, en aðrir stjórnarmenn mest tvö kjörtímabil samfellt.
- 8.3. Stjórn félagsins tilkynnir félagsmönnum, bréflaga, eigi síðar en fyrsta október, hverjir stjórnarmanna ganga úr stjórninni á næsta aðalfundi, og auglýsir eftir tillögum félagsmanna um formann sérstaklega, og í einu lagi eftir tillögu um samtals fimm stjórnarmenn og varamenn. Á sama tíma sendir stjórnin áskýrslu, ásamt félagsáskrá. Tillögur til stjórnarkjörs skulu vera skriflegar og hafa borist stjórninni fyrir 20. okt. Eigi síðar en 30. október sendir stjórnin félagsmönnum kjörseðla með nöfnum allra þeirra, sem stungið hefur verið upp á. Á kjörseðlinum skulu vera nöfn minnst tíu félagsmanna, vegna kjörs stjórnar og varamanna, og minnst tveggja félagsmanna vegna formannskjörs.
- 8.4. Kosningin er bréflög og leyndleg, og bundin við þá menn, sem nefndir eru á kjörseðlinum. Við jöfn atkvæði reður hlutkesti. Kjörseðlar verða að hafa borist stjórninni á aðalfundi þegar tölning atkvæða hefst. Á aðalfundi skal kjósa tvo endurskoðendur reikninga félagsins og einn til vara.
- 8.4. Formaður kveður til stjórnarfunda, er þörf krefur, eða ef tveir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarmaður, sem ekki getur sótt fund, skal kveðja þann varamann, er hann vill, til að

- sitja fund í sinn stað. Verði þessu ekki við komið, kveður formaður varamann eða varamann eftir atkvæðaganngni. Afl atkvæða reður úrslitum á stjórnarfundum.
- 8.5. Félagar á einstökum svæðum landsins geta myndat deild í félaginu, enda velji þeir sér umboðsmann er komi fram gagnvart stjórn félagsins.

9. gr.

- 9.1. Aðalfundur hefir aðeta úrskurðarvald í öllum félagsmálum, með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum þessum, ábr. 14. gr. og 15. gr.
- 9.2. Til almennra félagsfunda skal boðat þegar þörf krefur, að dómi meirihluta stjórnar, eða þegar minnst 1/5 hluti félagsmanna óska þess. Sífka fundi skal boða með minnst 14 daga fyrirvara í pósti og með auglýsingu í ríkisútlitum með 2 daga fyrirvara. Á síðum fundum má gera flyktanir og áskoranir til stjórnar o.s.frv., en ekki afgreiða nein mál, sem heyrta undir aðalfund samkv. lögum þessum.
- 9.3. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok nóvember ár hvert. Stjórn félagsins boðar til fundarins á sama hátt og til almennra félagsfunda. Aðalfundur er lögsetur, ef hann er löglega boðaður.
- 9.4. Tillögur til lagabreytinga skulu afhentar stjórninni fyrir 1. október, og sendir stjórnin félagsmönnum þær með fundarboði. Ekki verða greidd atkvæði um aðrar tillögur til lagabreytinga en þær, sem sendar eru með fundarboði og breytingatillögur við þær.
- 9.5. Á aðalfundi gefur stjórn félagsins skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu starfsári, leggur fram endurskoðaða reikninga félagsgjóss, undanfariandi starfsár. Ásreikningar félagsins endurskoðaðir, skulu liggja fremmi til athugunar fyrir félagsmenn, á þeim stað, sem stjórnin ákveður, í eina viku fyrir aðalfund.

10. gr.

- 10.1. Milli aðalfunda hefur stjórnin allar almennar framkvæmdir fyrir

félagið á hendi. Henni er heimilt að kveðja sér til aðstoðar félagsmenn til afmarkaðra verkefna, nefndarstarfa o.s.frv.

- 10.2. Stjórn félagsins er óheimilt að undirrita aðrar fjárhagslegar skuldbindingar en samninga um veiðirétt, og rekstur veiðisvæða. Allar byggingafrankvæmdir og fasteignakaup eru háð samþykktum löglegs félagsfundar.

11. gr.

- 11.1. Stjórnin setur reglur um veiði á veiðisvæðum félagsins, þ.á.m. um hámarksveiði á dagstöng á hverjum stað og tíma. (29. nóv. 1973)

12. gr.

- 12.1. Að fengnu samþykki stjórnar er félagsmanni heimilt að franselja veiðileyfi sitt á kostnaðarverði þeim, sem hafa kynnt sér reglur félagsins og undirgengið þær. Brjótí viðtakandi reglur félagsins ber tafarlaust að víkja honum frá veiðisvæðinu.
- 12.2. Heimilt er félagsmanni með sömu skilyrðum að bjóða gestum sínum til veiði á veiðisvæði félagsins.
- 12.3. Félagsmenn skulu hafa forgang að veiðileyfum á veiðisvæðum félagsins. Að þeim frágengnum er stjórninni heimilt að selja utanfélagsmönnum veiðileyfi með sömu skilyrðum og um ræðir í gr. 12.1.

13. gr.

- 13.1. Verði félagsmaður uppvís að brotum á lögum um lax- og silungsveiði eða noti annað atriði en flugu á veiðisvæði félagsins, getur stjórnin víkið honum úr félaginu.
- 13.2. Ef félagsmaður brýtur að öðru leyti lög félagsins, siðareglur eða aðrar reglur, sem settar kunna að verða á einstökum svæðum, má svipta hann rétti til veiða á svæðum félagsins um lengri eða skemri tíma. Við ítrekuð brot, má víkja honum úr félaginu.
- 13.3. Stjórnin fjallar um kerur vegna meintra brota og kveður á um refsingar. Úrskurði stjórnar má skjóta til aðalfundar.

14. gr.

- 14.1. Félaginu verður ekki slitið, nema á aðalfundi og með samþykki meirihluta allra félagsmanna.
- 14.2. Við félagslit renna eignir félagsins óskiptar í Fiskræktar-sjóð.

15. gr.

- 15.1. Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

16. gr.

- 16.1. Lög þessi taka gildi á stofnfundi, 28. febrúar, 1973. (11.gr. laganna var breytt á aðalfundi 29. nóv. 1973).

Félagsfundur Ármanna

verður haldinn miðvikudagskvöldið 18. nóvember 2009
kl. 20.00 í Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík.

Dagskráin er eftirfarandi:

1. Fundarsetning, skipun fundarstjóra og fundarritara.
2. Tillögur stjórnar um breytingar á lögum Ármanna. Umræður.
3. Kaffi.

Stjórnin

Vetrardagskrá í Árósum 2009 – 2010

Regluleg dagskrá

Skegg og skott á mánudagskvöldum milli 20.00 og 22.00

Opið hús á miðvikudagskvöldum milli 20.00 og 22.00

Auglýstir viðburðir

26. okt. mánudagur	Árósar opna kl.20.00
18. nóv. miðvikudagur	Félagsfundur um lagabreytingar hefst kl.20.00
20. nóv. föstudagur	Skemmtikvöld, húsið opnar kl. 20.00
2. des. miðvikudagur	Aðventukaffi og bókakynning kl. 20.00
5. jan. þriðjudagur	Skilalok veiðileyfa umsókna
25. jan. mánudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
26. jan. þriðjudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
27. jan. miðvikudagur	Afgreiðsla veiðileyfa
30. jan. laugardagur	Þorrablót
10. feb. miðvikudagur	Aðalfundur
17. apríl laugardagur	Vorblót

ATH. Þegar auglýsta viðburði ber uppá sömu daga og reglulega dagskrá eins og t.d. Skegg og Skott eða viðlíka, þá fellur regluleg dagskrá niður.

ARMENN

Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd
og stangveiði með flugu.

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051.

Ritstjórn og ábyrgð: Eiríkur I. Bjarnason, eirikur@wurth.is.

Umbrot og prentun: Frum ehf. • www.armenn.is / armenn@armenn.is